

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag innan þéttbýlisins á Flúðum, svæðið milli Torfdals og Vesturbrúnar.

Um er að ræða deiliskipulag sem nær til um 16 ha svæðis á Flúðum, milli Langholtsvegur í suðri og Litlu-Laxár í norðri. Innan svæðisins eru í gildi 3 skipulagsáætlanir sem falla inn í nýtt deiliskipulag. Er það deiliskipulag Lambatanga sem nær til svæðis hestamanna og tvær deiliskipulagsáætlanir fyrir hluta íbúðarsvæðis við Vesturbrún. Með nýju deiliskipulagi er verið að samræma skilmála og búa til heildstæða mynd af svæðinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. apríl 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. febrúar 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2015